

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða á sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð samkvæmt ákvæðun bæjarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi nr. 771, 30. nóvember 1983 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að afnema bann við bifreiðastöðum á Barónsstíg milli Hverfisgötu og Skúlagötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 4. desember 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. nóvember 1991.

Böðvar Bragason.